

Aðalfundur Almannaheilla

Haldinn þriðjudaginn 7. maí 2024 kl. 15:30 í húsi KFUM og KFUK við Holtaveg 28 í Reykjavík.

Fundargerð

1. Setning fundar

Tómas Torfason formaður stjórnar bauð fundarfólk velkomið og setti fundinn.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Stjórnin stakk upp á Auði Ingu Þorsteinsdóttur sem fundarstjóra. Samþykkt samhljóma.

Fundarstjóri tók við fundinum og bar upp tillögu frá stjórn að Hreinn Pálsson yrði fundarritari.

Samþykkt samhljóma.

3. Ávarp

Teitur Björn Einarsson alþingismaður og formaður viðskipta- og efnahagsnefndar ávarpaði fundinn.

Meðal þess sem hann nefndi var:

- Hækkun á framlögum til almannaheillafélaga eftir að lög um almannaheillafélög voru samþykkt.
- Starfsskilyrði óhagnaðardrifinna félagasamtaka.
- Biðja um skýrslu frá fjármálaráðherra varðandi kröfur sem gerðar eru til félagasamtaka.
- Frjáls félagasamtök veita oft mikilvægum hlutum athygli sem, ef ekki væri fyrir þau, myndu aldrei líta dagsljósið.
- Mikilvægi fjárlaganefndar í fjárveitingum til félagasamtaka.

4. Skýrsla stjórnar um nýliðið starfsár og starfið framundan

Tómas Torfason, formaður stjórnar, fór yfir skýrslu stjórnar um nýliðið starfsár. Þar kom fram að stjórnin lagði upp verkefnalista í þremur liðum:

4.1 Markmiða- og áherslumál:

Verkefni sem snúa beint að áherslum og markmiðum Almannaheilla samkvæmt 2.gr. samþykktu félagsins.

4.1.1 Skattamál

Markmið: Við höfum valið að einbeita okkur að virðisaukaskattinum.

Fá upplýsingar um virðisaukaskattsmál og kortleggja skattaumhverfi almannaheillafélaga í nágrannaríkjum okkar, löndum sem stjórnvöld vilja bera sig saman við.

Velja næsta baráttumál til að focusera á. Ná eyrum stjórnvalda og stjórnmalamanna. Finna fylgismenn á þingi. Hamra á því með greinum í fjölmiðlum.

4.1.2 Fræðslumál

Markmið: Setja upp fræðsludagskrá fyrir starfsveturinn og fylgja henni eftir.

Setja upp námskeiðs-dagskrá fyrir starfsveturinn. Vinna einnig með jafningafræðslu og nýta þá þekkingu sem til er í aðildarfélögum. Standa fyrir kollegafundum t.d. hringborði lögfræðinga í þriðja geiranum o.þ.h.

4.1.3 Kynningarmál

Markmið: Auka sýnileika og stíga upp um nokkur númer í vitund fólks.

Uppfæra heimasíðuna. Efla almannaheill á samfélagsmiðlum. Átak í tengslum við fjölgun aðildarfélaga.

4.2 Prakísk mál:

Mál sem snúa beint að störfum stjórnarinnar eða rekstri félagsins.

4.2.1 Skjalamál

Markmið: Koma gögnum og skjölum stjórnar á aðgengilegt svæði sem stjórnin hefur aðgang að.

4.2.2 Fjölgun aðildarfélaga

Markmið: Fjölga aðildarfélögum á starfsárinu.

Velja targethóp og sækja á hann. Heimsækja og bera með formleg erindi og skapa hefð hvernig við „fögnum“ nýjum félögum.

4.2.3 Aðalfundur

Markmið: Glæsilegur og vel sóttur aðalfundur.

Hafa yfirbragð hans einu númeri flottara en verið hefur. Boða til hans með fjölbreyttari hætti. Gæta þess að félög hafa mis marga aðildarfulltrúa.

4.2.4 Húsnæðið Urriðaholti

Markmið: Endurnýja samkomulagið við Oddfellow

Eiga fund með þeim og óska eftir framlengingu á samstarfinu.

4.3 Verkefni og viðburðir í gangi

Ný stjórn kom ekki að tómu borði og voru nokkur verkefni í farvegi.

4.3.1 Fundur fólksins

Fundur fólksins var haldinn 15.-16. september 2023 og fylgdi fráfarandi stjórn því verkefni eftir. Eftir fundinn fór stjórnin yfir málin og sá bæði mikil tækifæri í Fundi fólksins, en jafnframt að verkefnið hefði svigrúm fyrir upplýftingu og endurnýjun.

4.3.2 Samfélagsleg nýsköpun

Um var að ræða tilraunaverkefni með Garðabæ og fyrirtækinu Einurð. Bæði var komin ný forysta hjá Almannaheill og nýir starfsmenn hjá Garðabæ sem höfðu takmarkaðan skilning eða metnað fyrir verkefninu. Því ákvað stjórnin setja það verkefni til hliðar í fullri sátt við Einurð.

4.3.3 Sjálfboðaliði ársins

Alþjóðlegur dagur sjálfboðaliðans er 5. desember. Árið 2022 ákvað stjórn Almannaheilla að útnefna sjálfboðaliða ársins eftir tilnefningar frá aðildarfélögum. Stjórnin ákvað að halda því áfram og var Svanhildur Ólafsdóttir, formaður Krabbameinsfélags Árnessýslu valinn sjálfboðaliði ársins 2023.

4.3.4 Heimsmarkmiðin.

Í gildi hefur verið í nokkur ár samningur við forsætisráðuneytið um kynningu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna á meðal almannaheillasamtaka. Verkefnið fékk enga umfjöllun stjórnar á starfsárinu.

Tómas sagði að verkefni framundan væri að fylgja áfram þeim verkefnum sem lagt var af stað með frá síðasta ári, enda væru fæst þeirra komin í höfn.

Þá kynnti Tómas hugmyndir sem snúa að fundi fólksins og verið er að vinna að. Horft er á föstudaginn 29. nóvember næstkomandi og halda sig við einn þéttan dag. Að halda fundinn í Hörpu og tengja vel við þá hagsmundi sem Almannaheill ber að standa vörð um.

5. Skýrsla um fjárhag samtakanna

Ingveldur Jónsdóttir, gjaldkeri stjórnar, fór yfir fjárhag samtakanna, en reikningar félagsins voru sendir út tveimur vikum fyrir aðalfund.

6. Umræður um skýrslur og afgangið ársreiknings

Dagmar Elín Sigurðardóttir, forseti KÍ, spurði út í 1 milljón sem vantar inn í ársreikninginn. Gjaldkeri sagði frá því að hún væri ekki alveg með það á hreinu hvernig þetta væri útfært í bókhaldinu, úr því að þetta væri ekki kostnaðarfært og sagðist ætla að kanna málið. Skýrslurnar voru samþykktar.

7. Kosning stjórnar og skoðunarmanna

Hildur Helga Gísladóttir fráfarandi varaformaður leiddi uppstillinganefndina, en með henni voru Árni Einarsson (Fræ), Guðlaug Birna Guðjónsdóttir (Krabbameinsfélagið) og Jónas Guðmundsson (Neytendasamtökin).

Tillaga uppstillinganefndar um stjórn Almannaheilla 2024-2025 er:

- Tómas Ingi Torfason, formaður (KFUM og KFUK), til 2025.
- Ingveldur Jónsdóttir (ÖBÍ), til 2026.
- Sigríður Sólan (Foreldrajafrétti) til 2026
- Tryggvi Axelson (ADHD samtökin) til 2026
- Ragnhildur Freysteinsdóttir (Skógræktarfélag Íslands) til 2025. Kemur í stjórn Önnu Margrétar Hrólfsdóttur sem kjörin var á aðalfundi 2024 til tveggja ára, en óskaði eftir að hætta í stjórninni.
- Guðrún Helga Harðardóttir (Einstök börn) til 2025.
- Jón Aðalsteinn Bergsveinsson (UMFÍ) til 2025.

Tillaga um varastjórn Almannaheilla 2024-2025:

- Andrés Skúlason (Landvernd)
- Ásdís Eva Hannesdóttir (Norrænafeingi)
- Berglind Gunnarsdóttir (Foreldrahúsið)
- Ingibjörg Sverrisdóttir (Landssamband eldri borgara)
- Sigurður Sigurðsson (Heimili og skóli)
- Sigurgeir Þórisson (Bandalag Ísl. skáta)
- Una Sveinsdóttir (Kvenfélagasamband Ísl.)

Tillögurnar voru samþykktar samhljóma.

8. Ákvörðun um gjaldskyldu aðildarféлага

Stjórnin lagði til að árgjaldið héldist óbreytt. Tillagan var samþykkt samhljóma.

9. Lagabreytingar og aðrar tillögur

Engar lagabreytingar lágu fyrir að þessu sinni.

10. Önnur mál

- Einar Haraldsson (UMFÍ) spurði Teit Björn alþingismann út í þá kröfu sem stjórnvöld gera til félagsamtaka að skrá formenn félaganna sem „raunverulegan eiganda“. Þetta þarf að skýra betur, vera á hreinu. Teitur brást jákvætt við og mun taka málið lengra??
- Gísli Jónasson (MND félagið) vísði í spurningu Dagmars um ársreikning og spurði hvort 3 milljónir hefðu verið nýttar í nýsköpun og bókað sem skuld. Hann benti á að ef svo væri og að ein milljón hefði farið í kostnað vegna verkefnisins, þá væri eðilegt að bókfæra það þeim þeim hætti sem gert var.
- Rósa María Hjörvar (ÖBÍ), spurði út í kynningarmál almannaheilla. Benti á að fara þyrfti yfir stafrænu aðgengismálin, setja þau í farveg. Setja inn vefþul og fleira því tengt.
- Einar Haraldsson (UMFÍ) tók til máls. Hvatti til áframhaldandi barráttu fyrir skattaafslætti og fleiri hagsmunamálum sem snúa að samtökum í þriðja geiranum.
- Þórarinn Snorri Sigurgeirsson (Þroskahjálpi) tók undir mikilvægi aðgengismála í víðum skylningi. Fyrirspurn um í hvaða farvegi tvær umsóknir frá jafnmörgum félögum eru. Tómas svaraði að þær umsóknir verða teknar fyrir á næsta stjórnarfundum.

11. Fundi slitið

Fundarstjóri afhendi formanni fundinn. Formaðurinn þakkaði: Fundarstjóra, ritara, gesti fundarins og „heimafólki“ fyrir fundaraðstöðu og veitingar.

Fundi slitið klukkan 16:45